



Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 30. ágúst 2018

Haldinn að Torfnesi , Ísafirði. Fundur settur kl. 17:15. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, Harpa Guðmundsdóttir, gjaldkeri og Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Leikmannamál
Ingólfur greindi frá stöðu mála. Samningsdrög hafa verið send til nýs leikmanns með þýskt vegabréf. Lítur út fyrir að hægt verði að loka því máli sem fyrst.
2. Fjármál
Ákveðið að panta klósettpappír til að selja í næstu viku. Farið yfir stöðu skilta og útistandandi reikninga. Einnig farið yfir aðrar mögulegar fjáraflanir fyrir haustið.
3. Önnur mál
 - a. Birna kynnti stöðuna á stundatöflumálum í húsinu. Fyrir liggur að 15 æfingahópar verða á vegum Körfuknattleiksdeildar Vestra í vetur og því ljóst að þörfin eykst á sama tíma og framboð tíma í húsunum hefur minnkað einkum vegna færri tíma í Bolungarvík.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18:35.